

Hafnarfjarðarbær  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

6.4.2020

Efni: Beiðni um stuðning við innanlandsstarf Hjálparstarfs kirkjunnar

Góðan dag

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk sem býr við fátækt og félagslega einangrun. Starfið felst í að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Það felst einnig í valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verið til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra. Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og er því sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Sú efnislega aðstoð sem Hjálparstarfið veitir felst fyrst og fremst í inneignarkortum í matvöruverslunum þannig að fólk getur sjálft valið það sem það hefur þörf fyrir. Einnig getur Hjálparstarfið aðstoðað fólk með lífsnauðsynleg lyf, greitt fyrir tólmstundir barna og aðstoðað með skólagjöld ungmenna í framhaldsskólum.

Á undanförunum mánuðum hefur orðið aukning á beiðnum um aðstoð við matarinnkaup og á síðustu vikum hefur ennfremur borið á aukningu vegna Covid-19. Skjólstaðinga-  
hópur Hjálparstarfsins er einn sá viðkvæmasti í íslensku samfélagi og finnum við fyrir kvíða þeirra og áhyggjum yfir áhrifum faraldursins. Þar að auki hefur orðið skerðing á opnunartímum og þjónustu ýmissa stofnanna og annarra hjálparsamtaka sem hefur bein áhrif á líf einstaklinganna. Félagráðgjafar sveitarfélaga hafa í auknum mæli vísað einstaklingum á Hjálparstarfið þegar bjargir félagsþjónustunnar duga ekki og er Hafnarfjarðarbær þar engin undantekning.

Skrifstofa Hjálparstarfs kirkjunnar er ennþá opin og reynum við eftir fremsta megni að tryggja að svo verði áfram. Ljóst er að útgjöld okkar vegna þessa muni aukast á komandi mánuðum og leitum við því til Hafnafjarðarbæjar í von um stuðning að upphæð 1.000.000kr.

Við erum þakklát fyrir allan þann stuðning sem við hljótum. Undirrituð veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Bankaupplýsingar:  
Kennitala: 450670-0499  
Reikninsnúmer: 0334-26-27

Með fyrirfram þökk  
Sædís Arnardóttir, [saedis@help.is](mailto:saedis@help.is)

Félagsráðgjafi